RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

# Umsókn um lækkun

Ríkisskattstjóra er heimilt að taka til greina umsókn manns um lækkun stofns til tekjuskatts ef veikindi, mannslát, framfærsla vandamanns, menntunarkostnaður barna, eignatjón eða tap á útistandandi kröfum hafa skert gjaldþol framteljanda verulega á tekjuárinu, sbr. 65. gr. laga nr. 90/2003.

Heimilt er að lækka stofn til auðlegðarskatts ef veikindi eða mannslát hafa skert gjaldþol framteljanda verulega, sbr. f-liður bráðabirgðaákvæðis XXXIII í sömu lögum.

Fylgiskjal með skattframtali árið ____________

| Nafn umsækjanda | Kennitala |
|---|---|
| Heimili | Sveitarfélag |

Merkið x í viðeigandi reit ☐ eftir því hver er ástæða umsóknar og gefið í **greinargerð á baksíðu eyðublaðsins** þær upplýsingar sem beðið er um í hverju tilviki svo og aðrar þær upplýsingar sem þykja skipta máli.
**Nauðsynlegt er að umbeðin gögn fylgi umsókninni**.

## Umsókn um lækkun á tekjuskattsstofni:

☐ **Vegna mannsláts.**
a) Nafn og kennitala hins látna og andlátsdagur.
b) Áætlaðar tekjur, bætur og styrkir umsækjanda á tekjuári.

☐ **Vegna veikinda, slysa eða ellihrörleika.**
a) Útgjöld umfram venjulegan kostnað og í hverju fólgin. Gögn um kostnað fylgi.
b) Málsatvik varðandi veikindi eða slys og hve lengi má ætla að afleiðingar þeirra vari.
c) Áætlaðar tekjur, bætur og styrkir umsækjanda á tekjuári.
d) Læknisvottorð fylgi.

☐ **Vegna barns sem haldið er langvinnum sjúkdómi eða er fatlað og er á framfæri umsækjanda.**
a) Nafn barns, kennitala og dvalarstaður.
b) Útgjöld umfram venjulegan framfærslukostnað og í hverju fólgin. Gögn um kostnað fylgi.
c) Bætur og styrkir vegna barnsins á tekjuári.
d) Læknisvottorð fylgi eða staðfesting stofnunar þar sem barnið dvelur.

☐ **Vegna foreldra eða annarra vandamanna á framfæri umsækjanda.**
a) Nafn, kennitala og lögheimili vandamanns.
b) Útgjöld af þessum ástæðum og í hverju þau eru fólgin. Gögn um kostnað fylgi.
c) Tekjur, bætur og styrkir vandamanns á síðasta ári.
d) Greiðslur sem umsækjandi fær til framfærslu vandamanns.

☐ **Vegna útgjalda vegna menntunar barna umsækjanda, 16 ára og eldri.**
Nota skal umsókn á forsíðu framtals. Ef umsækjandi óskar eftir ívilnun vegna útgjalda vegna menntunar barna **af sérstökum ástæðum** skal einnig óska eftir lækkun hér. Fram þurfa að koma:
a) Upplýsingar um aukinn kostnað, s.s. vegna skólagjalda og ferðakostnaðar.
b) Gögn til staðfestingar á kostnaði.

☐ **Vegna eignatjóns sem umsækjandi hefur orðið fyrir.**
a) Tegund eignar og eignartími.
b) Hvaða tjón varð á eigninni og hvenær það varð.
c) Heildarskaði af völdum tjónsins og fjárhæð tjónabóta. Gögn um kostnað fylgi.

☐ **Vegna tapa á útistandandi kröfum sem ekki stafa af atvinnurekstri.**
a) Hvenær lánið var veitt eða í ábyrgð gengið og af hvaða ástæðum.
b) Nafn lántakanda, kennitala og lögheimili.
c) Leggja þarf fram vottorð og gögn sem staðfesta að útlán sé tapað eða ábyrgð fallin án möguleika til endurkröfu.

## Umsókn um lækkun á stofni til auðlegðarskatts:

☐ **Vegna mannsláts.**
a) Nafn og kennitala hins látna og andlátsdagur.
b) Áætlaðar tekjur, bætur og styrkir umsækjanda á tekjuári.

☐ **Vegna veikinda, slysa eða ellihrörleika.**
a) Útgjöld umfram venjulegan kostnað og í hverju fólgin. Gögn um kostnað fylgi.
b) Málsatvik varðandi veikindi eða slys og hve lengi má ætla að afleiðingar þeirra vari.
c) Áætlaðar tekjur, bætur og styrkir umsækjanda á tekjuári.
d) Læknisvottorð fylgi.

**RSK 3.05** 13-2-2012 Oddi 3.000

Greinargerð fyrir umsókn um lækkun

| |
|---|
| |
| |
| |
| |
| |
| |
| |
| |
| |
| |
| |
| |
| |
| |
| |
| |
| |
| |
| |

Meðfylgjandi eru eftirtalin vottorð og gögn

| |
|---|
| |
| |
| |
| |
| |

Ef gögn til stuðnings umsóknar fylgja ekki með, eða berast ekki ríkisskattstjóra innan skilafrests framtals, telst umsóknin vera órökstudd og verður ekki tekin til úrlausnar við álagningu gjalda á grundvelli lokamálsliðar 1. mgr. 95. gr. laga nr. 90/2003.

Dagsetning

Undirskrift

Athugasemdir og úrskurður ríkisskattstjóra

| |
|---|
| |
| |
| |
| |
| |
| |
| |
| |
| |